



Fjármálaráðuneytið
b.t. Jónu Bjarkar Guðnadóttur lögfr.
Amarhvoli
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til tollalaga, þskj. 1602 – 986 mál.

Í framhaldi af fundi með starfsmönnum nefndar um endurskoðun tollalaga (nefnd) og starfsmanna Samskipa hf. og Jóna Transport hf. þann 6. júní 2001 voru teknar saman helstu athugasemdir félaganna við núgildandi ákvæði tollalaga nr. 55/1987, sérstaklega varðandi VIII. kafla laganna um tollvörugæmslur og framkvæmd þeirra og einnig varðandi XIV. kafla laganna um refsingar og önnur viðurlög. Voru nefndinni sendar athugasemdirnar með bréfi dags. 24. september 2001.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til nýrra tollalaga sjá þskj. 1602 – 986 mál.

Nefndin sendi frumvarpið til félaganna til umsagnar og var þeim gefinn frestur til 23. ágúst n.k. til þess að koma með athugasemdir þar að lútandi.

Munu hér á eftir reifaðar athugasemdir félaganna við frumvarp það er hér ræðir:

1. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins, bindandi álit um tollflokkun

Í 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins kemur fram að tollstjóra sé ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. 22. gr. (um bindandi álit um tollflokkun) ef hún lýtur að vöru sem þegar hefur verið tollafgreidd eða vöru sem er í sendingu sem flutt hefur verið til landsins.

Með vísan til þeirrar miklu ábyrgðar sem hvílir skv. ákvæðum frumvarpsins á tollmiðlurum vegna aðstoðar við tollskýrslugerð er þess farið á leit að þetta ákvæði verði fellt niður.

2. 26. gr. frumvarpsins, skriflega aðflutningsskýrslur

Félögin telja að allar aðflutningsskýrslur eigi að vera rafrænar og eigi þannig þeir sem ekki hafa tæk á slíku að leita til tollmiðlara eftir aðstoð. Lagt er því til að 26.gr. verði fellt niður. Bent er einnig í þessu sambandi á 2. og 4. mgr. 24. gr.

3. 30. gr. frumvarpsins, varðveisla aðflutningsskýrslna og fylgigagna vegna rafrænnar tollafgreiðslu

Lagt er til að fellt verði niður ákvæði í 30. gr. frumvarpsins um geymslu tollmiðlara á skriflegum gögnum í 3 mánuði frá tollafgreiðsludegi og skyldu til afhendingar umræddra gagna í hendur bókhaldsskyldum innflytjanda að loknum geymslutíma, eftir því sem við á. Telja félögin hér vera um að ræða íþyngjandi ákvæði, sem feli í sér auka kostnað við geymslu og skjalavörslu.

4. 34. gr. frumvarpsins, ábyrgð tollmiðlara (177.gr., 119.gr.,136.gr.)

Í 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins kemur fram að tollmiðlari sem sent hefur aðflutningsskýrslu til tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, beri ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi. Í 2. mgr. 34. gr. kemur fram að tollmiðlara sé skylt að fá í hendur öll viðeigandi fylgigögn skv. 29. gr. áður en hann sendir tollstjóra rammaskyeti vegna SMT – tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjanda. Jafnframt beri tollmiðlara skv. 3. mgr. 34. gr. skylda til þess að leggja sjálfstætt mat á hvort þau fylgigögn sem umbjóðandi hans leggur fram til grundvallar aðflutnings- eða útflutningsskýrslu fullnægi ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsákvæða. Telji hann svo ekki vera skuli hann kalla eftir þeim gögnum sem á vantar eða nýjum gögnum í stað þeirra sem kunna að vera ófullnægjandi. Hann skuli því aðeins senda aðflutningsskýrslu af stað til tollstjóra með rammaskyeti í þeim tilvikum þegar fylgigögn sem liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu uppfylli skilyrði laga þessara með ótvíræðum hætti.

Með vísan til þess að í grg. með 177. gr. þar sem fjallað er um refsíábyrgð tollmiðlara kemur fram að gáleysi nægi til þess að fella ábyrgð á tollmiðlara en ekki stórfellt gáleysi eins og skv. gildandi lögum, telja félögin að staldra þurfi hér við. Sjá nánari umfjöllun um 177. gr. frumvarpsins í lið nr. 20. í bréfi þessu.

Með þessum hertu ákvæðum er verið að fella gífurlegar skyldur á herðar tollmiðlara gagnvart tollyfirvöldum og jafnframt meiri ábyrgð tollmiðlara gagnvart innflytjendum, ekki síst með vísan til 119. gr. frumvarpsins varðandi endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir rafræna tollafgreiðslu, þar sem fram kemur að tollstjóri *skuli* endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld, ef í ljósi komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð fyrir tollafgreiðslu, vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 1. mgr. 122. gr.

Samkvæmt 119. gr. frumvarpsins skal endurávarða umrædd gjöld, án tillits til þess hvort viðkomandi innflytjandi vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga

í aðflutningsskýrslu eða fylgigögnum, t.d. ef í ljós kemur að framleiðandi hefur ekki getið rétt um innihald matvæla. Það er ljóst að í flestum tilvikum eru innflytjendur búnir að selja umrædda vöru og hafa við verðálagningu tekið tillit til þeirra aðflutningsgjalda sem greidd voru. Verða þannig félögin að bera umrædd aðflutningsgjöld án tillits til þess hvort þau gátu með nokkrum hætti vitað eða séð fyrir að ekki var um að ræða rétta tollflokkun.

Leggja félögin til að ekki verði um endurákvörðun að ræða í þeim tilvikum sem innflytjandi er sannanlega grandlaus um ranga tollflokkun. Einnig er lagt til að tollstjóra skuli heimilt en ekki skylt að endurákvæða aðflutningsgjöld í samræmi við 2. mgr. 120. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um skriflegar aðflutningsskýrslur.

Einnig er í þessu sambandi bent á 134. gr. frumvarpsins.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við það að dráttarvextir reiknist frá gjalddaga þegar um endurákvörðun er að ræða sbr. ákvæði 132. gr. frumvarpsins. Telja félögin að eðlilegra sé í þeim tilvikum að nota aðra vaxtaprósentu.

5. 38. gr. frumvarpsins, bráðabirgðatollafgreiðsla

Félögin telja 25% álag sem gert er ráð fyrir í greininni vera of hátt. Telja þau eðlilegra að um sé að ræða 10% álag.

6. 51. gr. frumvarpsins, ábyrgðartryggingar tollmiðlara

Í 51. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á tollmiðlara að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í hans störfum. Félögin telja þessa kröfu um ábyrgðartryggingu fráleita og einungis til þess fallna að skapa þeim kostnað þar sem ljóst sé að starfsemi þeirra sé þannig vaxin að ólíklegt megi telja að váttryggingarfélög séu tilbúin að selja slíkar tryggingar og ef svo væri yrði eðlilega um há iðgjöld að ræða.

7. 66. gr. frumvarpsins, skrá yfir affermdar vörur

Lagt er til að í stað stjórnanda fars í greininni komi farmflytjandi.

8. 82. gr. frumvarpsins, afhending vöru úr fari eða afgreiðslugeymslu

Í greininni kemur fram að tollstjóri skuli eigi síðar en 24 klst. eftir að tilkynning um flutning vöru berst, lýsa því yfir hvort flutningur hennar er heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar. Félögin telja að hér sé um allt of langan fresta að ræða fyrir tollstjórnann. Telja þau að viðskiptalífið krefjist meiri hraða.

9. 1. mgr. 83. gr. frumvarpsins, vöruhald á ótollafgreiddum vörum

Tollgæslan í Reykjavík hefur túlkað ákvæði gildandi tollalaga nr. 55/1987 á þann veg að farmflytjendum sé óheimilt að flytja og geyma vörusendingar (safnsendingar) sem eru á farmskrá til Reykjavíkur í vöruhúsum í eigu viðkomandi farmflytjanda utan Reykjavíkur t.d. í Hafnarfirði. Hefur Tollgæslan túlkað ákvæði tollalaga með þessum hætti hingað til þrátt fyrir að 90% af vörum í gámum séu almennt tollafgreiddar á fyrstu vikunni eftir að varan kemur til landsins og eftirstöðvar mánuði síðar. Tollgæslan hefur borið því við að þeir geti ekki framkvæmt skoðun á vörusendingu sem geymd er í öðru umdæmi eða kannað hvort vörusending, sem komin er á eindaga með aðflutningsgjöld sé til staðar.

Það er ítrekað lagt til við nefndina að kveðið verði með skýrum hætti á um það í lögnum að flytja megi vörur milli vöruhúsa og tollagreiða þær í viðkomandi tollumdæmi. Beiðnir um skoðun mætti senda milli umdæma þannig að ekki þyrfti að senda vöruna sjálfa. Vöruna mætti þannig tollafgreiða í hvaða umdæmi sem er án tillits til þess hvar hún var upphaflega sett á farmskrá og losna þannig við umskráningu hennar. Myndi þessi framgangsmáti auðvelda og einfalda alla meðferð tollskylds varnings fyrir alla sem að innflutningi á slíkum varningi kæmu.

Í kafla XIII í umræddu frumvarpi til tollalaga er fjallað um meðferð og vörslu ótollafgreiddrar vöru. Í 1. mgr. 83. gr. frumvarpsins kemur fram eftirfarandi:

”Flutningur ótollafgreiddrar vöru milli geymslusvæða.

Heimilt er að flytja ótollafgreiddar vörur á milli geymslusvæða skv. 2.–5. tölul. 1. mgr. 73. gr. án sérstaks leyfis tollstjóra. Vörsluhafi skal tilkynna tollstjóra um flutning vöru áður en flutningur á sér stað. “

Í 133. gr. frumvarpsins kemur fram að aðflutningsgjöld skuli greiða tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr fari sem hana flytur til landsins samkvæmt farmskrá. Ef ótollafgreidd vara sé framsend í annað tollumdæmi skuli þó greiða aðflutningsgjöld í því tollumdæmi.

Ekki fæst séð með vísan til þessara greina annað en að gert sé ráð fyrir því að vörsluhafa sé heimilt færa vörur á milli viðurkenndra geymslna svo framarlega sem slíkt sé tilkynnt réttilega og virðist frumvarpið gera ráð fyrir því að tollafgreiða eigi vörur í því umdæmi sem þær eru staðsettar hverju sinni.

Óskað er eftir viðræðum og afstöðu nefndarinnar til þessa.

10. 86. gr. frumvarpsins, tollband

Í 86. gr. frumvarpsins er nýmæli. Er í greininni kveðið á um “formreglur” varðandi flutning á ótollafgreiddum vörum í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé tollstjóri á sendingarstað sem gefi út fylgibréf með vörunni til ákvörðunarstaðar, tollstjóri á ákvörðunarstað staðfesti afhendingu sendingar. Kemur fram að í 2. mgr. sé tekið fram að eintak fylgibréfs (tollseðils) sem áritað hafi verið af tollstjóra um móttöku vöru á ákvörðunarstað sé sönnun vörslumanns eða leyfishafa geymslusvæðis um að **vörsluábyrgð þess sem lét ótollafgreidda vöru af hendi sé lokið**. Tilgangur 1. og 2. mgr. 86. gr. sé að tryggja að vörsluhafi ótollafgreiddrar vöru geti sýnt fram á að hann hafi afhent ótollafgreidda vöru þar til bærum aðila.

Félögin fara þess á leit við nefndina að þessu verði breytt á þá leið að vörsluábyrgð þeirra ljúki vð afhendingu vörusendingar í hendur þriðja aðila, aðila sem tollstjóri hefur veitt skriflega heimild til þess að móttaka viðkomandi vörusendingu og flytja hana inn á viðkomandi svæði. Félögin geta ekki með nokkru móti borið ábyrgð á því að eigandi vöru eða umboðsmaður hans sem fengið hefur leyfi tollstjórans til þess að móttaka vöru til flutnings skili henni eða fái viðkomandi áritun tollstjóra á tollseðil. Það er ljóst að samkvæmt framkvæmdinni hafa félögin ekkert um það að segja hverjum tollstjórinn veitir þessa heimild. Þeir aðilar sem fá þessa heimild í dag eru t.d. verslanir á Keflavíkurflugvelli, má þar sem dæmi nefna að starfsfólk gleraugnaverslunar sem er á flugvellingum á Keflavíkurflugvelli fer alltaf með gögnin persónulega til tollstjóra og fær heimild til að móttaka vörur með þessum hætti.

Það er augljóst að félögin geta ekki með neinum hætti borið ábyrgð eftir að vara hefur verið afhent með þessum hætti, með leyfi tollstjóra, eiganda hennar. Ef ekki verður breyting á þessu verða félögin að neita að afhenda innflytjendum vörur úr geymslum og krefjast þess að flytja þær sjálfir til ákvörðunarstaðar.

Þess er því ítrekað farið á leit að umræddu ákvæði frumvarpsins verði breytt á þá leið að þegar tollstjóri veitir heimild með þessum hætti þá ljúki vörsluábyrgð leyfishafa við afhendingu hennar til flutnings.

Rétt er einnig að nefna að félögin telja að frestur sem fram kemur í 3. mgr. 86. gr. frumvarpsins sé of stuttur og telja að eðlilegra væri að hann væri 48 klst.

11. 88. gr. sýnileg vöntun, 89. gr. frumvarpsins, leynd vöntun

Komi fram vöntun í vörusendingu, sem ekki var sýnileg við affermingu fars, í heild eða að hluta sem sett er á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vöru skv. 1. mgr. 73. gr. eða geymd er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 73. gr. gerir 89. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir því að leyfishafa sé skylt að greiða toll og önnur

aðflutningsgjöld af því vörumagni sem skráð er skv. 79. gr., að viðbættu 20% álagi á toll og önnur aðflutningsgjöld nema leyfishafi geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en sendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins.

Félögin benda á að erfitt hefur reynst að fá tollstjóra til þess að fella niður aðflutningsgjöld af leyndri vöntun sem komið hefur í ljós í vörusendingu. Mjög algengt er að ef um leynda vöntun er að ræða að hún komi ekki í ljós fyrr en eftir einhvern tíma, t.d. þegar hún er í miðri sendingunni. Það er ljóst að leyfishafar geta ekki sótt aðflutningsgjöld vegna leyndrar vöntunar til innflytjanda. Frumvarpið gerir þar að auki ráð fyrir 20% álagi sem félögin telja algjörlega óásættanlegt.

Þess er farið á leit við nefndina að 89. gr. frumvarpsins verði felld niður og verði 88. gr. og 89. gr. sameinaðar og verði orðið sýnileg felld úr 88. gr.

12. 2. mgr. 90. gr. frumvarpsins, umframbirgðir

Lagt er til að 2. mgr. 90 gr. verði felld niður. Þar kemur fram að ef í ljós komi, við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, vörumagn umfram það magn sem skráð er inn á hlutaðeigandi geymslusvæði skv. 79. gr. sé leyfishafa geymslusvæðis skylt að greiða toll af þeim umframbirgðum.

Telja félögin þetta óásættanlegt. Telja þau að skrá beri vöruna eins og aðra vöru og sé hún leyst út af eiganda hennar eins og önnur vara.

13. 70. gr. , 7. tl. 95. gr. frumvarpsins, aðstaða tollgæslu/tæki og áhöld

Leyfishafa geymslusvæðis er skylt skv. 7. tl. 95. gr. frumvarpsins að láta tollgæslunni í té fullnægjandi aðstöðu á geymslusvæðinu til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og ennfremur þau áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.

Telja félögin að hér sé um ræða mjög íþyngjandi ákvæði. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að 7. tl. 95. gr. frumvarpsins sé efnislega samhljóða 3. mgr. 64. gr. gildandi tollalaga. Rétt er að benda á að felld hefur þó verið niður frá gildandi lagaákvæði orðið “ókeypis” og má því e.t.v. gera ráð fyrir því að tollgæslunni beri, verði frumvarpið að lögum, að greiða fyrir afnot húsnæðisins.

Varðandi áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til tolleftirlits er þess að geta að þau tæki geta verið mjög dýr má þar t.d. nefna gegnumlýsingartæki sem nýfarið er að nota við tolleftirlit og telja félögin algjörlega óásættanlegt að þeim beri að útvega tollgæslunni slík tæki eða önnur sem tollgæslan telur nauðsynleg á

hverjum tíma, að því marki sem þau eru ekki til á staðnum í tengslum við starfsemi þeirra.

Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að skv. 70. gr. frumvarpsins er eigendum eða umráðamönnum fara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, skylt að leggja tollstjóra til án endurgjalds nægilegt húsrými eða aðra aðstöðu til tollefirlits með farþegum, áhöfnum og vörum, sé þess krafist. Í þessari grein kemur fram að ætlast er til að húsrýmið sé án endurgjalds til afnota fyrir tollstjóra.

Óskað er eftir afstöðu nefndarinnar til þessa og jafnframt til þess hvort gert sé ráð fyrir því að umrætt húsrými sé einungis ætlað til þessara nota eða hvort nefndin telji með vísan til hérgreindra ákvæða leyfishöfum heimilt að nýta húnæðið að öðru leyti að því marki sem það skarast ekki á við lögbundið starf tollgæslunnar.

14. 8. tl. 95. gr. frumvarpsins, vél- og hugbúnaður, birgðabókhald

Í 95. gr. frumvarpsins er fjallað um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til tollvöruheymisla.

Í 8. tl. 95. gr. frumvarpsins kemur fram að vél- og hugbúnaður skuli samþykktur af tollstjóranum í Reykjavík. Þetta skilyrði telja félögin ekki geta staðið óbreytt. Telja þau óviðunandi að tollstjórinn hafi nokkuð um að það að segja hvaða vél- og hugbúnað þau velja fyrir starfsemi sína. Einnig kemur fram í 8. tl. 95. gr. að tollstjóra sé heimilt að gera það að skilyrði að tolfyrirvöld hafi beinlínuaðgang að upplýsingum úr birgðabókhaldi. Þetta telja félögin einnig óviðunandi og fara þess á leit að bæði þessi atriði verði felld úr frumvarpinu. Í dag hefur tollstjórinn aðgang að innflutningskrám og telja félögin það nægjanlegt.

15. 10. tl. 95. gr. frumvarpsins

Í 10. tl. 95. gr. frumvarpsins kemur fram að eitt af skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis til tollvöruheymislu sé að hagkvæmiútreikningur vegna reksturs geymslunnar liggi fyrir.

Þetta skilyrði telja félögin að eigi ekki við varðandi rekstur tollvöruheymislu, það eigi hins vegar réttilega við um frísvæði.

16. 99. gr. frumvarpsins,

99. gr. Frumvarpsins er svohljóðandi:

“Tollafgreiddar vörur í tollvöruheymislu.

Ráðherra getur ákveðið, að fenginni umsókn leyfishafa tollvöruheymslu, að heimila geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými í tollvöruheymslu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tollafgreiddar vörur skulu ávallt vera aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum með skýrum hætt í tollvöruheymslu.
2. Tollafgreiddar vörur skulu jafnframt vera aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum með skýrum hætt í birgðabókhaldbi tollvöruheymslu. Tollstjórinn í reykjavík skal samþykkja vél- og hugbúnað tollvöruheymslu til þess að tryggja að þessu skilyrði sé fullnægt.
3. Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til þess að tryggja fullnægjandi tolleftrilitt.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjóranas í Reykjavík afturkallað leyfi samkvæmt þessari grein uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr.“

Félögin leggja til að greinin fjalli almennt um öll geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. skilgreiningu í gr. 73. Greinin færir undir kaflann “Meðferð og varsla ótollafgreiddrar vöru”, og verði t.d. nr. 76.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

“Tollafgreiddar vörur á geymslusvæði ótollafgreiddrar vöru

Ráðherra getur ákveðið, að fenginni umsókn leyfishafa geymslusvæða skv. 1.-5. tl. 73. gr., að heimila geymslu tollafgreiddra og ótollafgreiddra vara í sama rými að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Tollafgreiddar vörur skulu ávallt vera aðgreindar frá ótollafgreiddum vörum með skýrum hætti í birgðabókhaldbi vöruheymslunnar. Vörum skal raðað í hillur í sem mestri samfellu miðað við þær kröfur sem varan gerir til geymslurýmis og aldrei má blanda saman tollafgreiddri og ótollafgreiddri vöru í hólf.
2. Tollstjóri skal á einfaldan hátt geta fengið birgðalista vöruheymslunnar flokkaðan eftir því sem við á, á hvaða tíma sem er og framkvæmt talningu.

Ráðherra getur að fenginni tillögu tollstjórans í Reykjavík afturkallað leyfi samkvæmt þessari grein uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði 1. mgr.”

Athuga þarf í þessu sambandi einnig 6. tl. 95. gr. Þar sem fram kemur gengið skuli þannig frá geymslum að þær verði auðveldlega settar undir lás tollgæslunnar ef nauðsyn ber til vegna tolleftrilitts.

Eins og nefndinni er kunnugt er Samskip hf. með í byggingu stórt vöruhús, reyndar það stærsta á landinu. Fyrirhugað er að vöruhúsið hýsi alla starfsemi félagsins. Skiptir það því augljóslega félagið miklu að hér sé með skýrum hætti tekið á þeim atriðum er hér ræðir.

17. 4. mgr. 135. gr. frumvarpsins, fullnusta aðflutningsgjalda

Í 4. mgr. 135. gr. frumvarpsins kemur fram að verði vara ekki seld nauðungarsölu megi gera fjárnám til tryggingar greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta, sekta og kostnaðar hjá innflytjanda eða *tollmiðlara* án undangengins dóms eða sáttar.

Þessi heimild getur ekki með nokkru mótið staðið í frumvarpinu óbreytt. Það verður að skilyrða heimildina með einhverjum hætti að mati félaganna eða fella hana niður.

18. 136. gr. frumvarpsins, nauðungarsala á uppboði

Samkvæmt 136. gr. frumvarpsins er heimildin til greiðslu geymslukostnaðar í einn mánuð felld niður og er þannig ekki um að ræða forgangsrétt í uppboðsandvirði fyrir geymslugjöldum, verði frumvarpið að lögum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram í umfjöllum um 136. gr. að umrædd heimild tollstjóra í gildandi lögum til þess að greiða fyrir geymslu vörunnar í mánuð frá komu til landsins sé felld brott og er skýringin sú að þessari heimild hafi ekki verið beitt í framkvæmd.

Virðist hér gæta mismunandi lagaskilnings og túlkunar á ákvæði 8. mgr. 111. gr. gildandi tollalaga þar sem kveðið er á um þessa heimild í dag.

Félögin hafa túlkað lagagreinina þannig að eigandi vörunnar ætti að greiða geymslugjöld í umræddan mánuð af söluandvirði vörunnar, en nefndin virðist telja að tollstjórinn hafi í raun átt að greiða mánuð í geymslugjöld.

Hafa félögin lýst kröfu til greiðslu geymslugjalda í uppboðsandvirði vöru í einn mánuð með vísan til þessarar lagagreinar, til viðkomandi sýslumannsembættis og iðulega fengið eitthvað upp í kröfu sína.

Ljóst er að hér gætir einhvers misskilnings og er ítrekuð krafa félaganna þess efnis að heimilt verði að greiða fyrir geymslu vörunnar af söluandvirði hennar í 6 mánuði þar sem oft líður langur tími þar til beðið er formlega um uppboð á vörum og fellur eðlilega oft töluverður kostnaður á vöruna vegna geymslu hennar o.fl.

19. “Eftirstöðvavara”

Þess er farið á leit að jafnframt verði lagðar skyldur á tollstjóraembættin þess efnis að þau óski eftir nauðungarsölu eða förgun á vörum innan 12 mánaða frá komu vara til landsins hafi innflytjanda ekki verið veittur frestur eða samið um greiðslu aðflutningsgjalda með einhverjum hætti. Ástæða þessarar beiðni er sú að geymslur félaganna eru oft og iðulega fullar af varningi sem ljóst er að ekki

verður sóttur og hafa félögin oft mikinn kostnað af geymslu slíks varnings. Skýra þarf þannig til muna skyldur tollstjóraembættanna vegna þessara vara sem hlaðast upp hjá farmflytjendum og heimildir farmflytjenda til þess að losna við slíka vöru úr geymslum sínum.

20. 2. mgr. 177. gr. frumvarpsins, refsíabyrgð tollmiðlara

Ekki verður hjá því komist að gera athugasemdir við þá hertu refsíabyrgð gagnvart tollmiðlurum sem fram kemur í frumvarpinu má sem dæmi nefna að þar sem fjallað er um refsíabyrgð tollmiðlara í 2. mgr. 177. gr. er gert ráð fyrir því að venjulegt gáleysi nægi sem saknæmisskilyrði í stað stórfellds gáleysis skv. gildandi lögum.

Telja félögin að eðlilegra sé hér að nota stórfelld gáleysi.

21. 183. gr. frumvarpsins, refsíabyrgð stjórnanda farartækis og afgreiðslumanna í vörugeymslum

Í 183. gr frumvarpsins kemur að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu refsingu varði það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

Er hér um að ræða sambærilegt ákvæði og nú er í 133. gr. tollalaga fyrir utan það að rammi fangelsisvistar er stytur úr sex árum í tvö ár í frumvarpinu.

Telja félögin óásættanlegt að stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu séu hér gerðir persónulega ábyrgir með þessum hætti.

Vísa félögin til dóms Héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðinn 29. desember 2000, þar sem starfsmaður Flutningamiðstöðvar Norðurlands var dæmdur til refsingar. Taldi dómurinn sannað að starfsmaðurinn hafi er hann lét flytja fóðursendingu ótollafgreidda og án leyfis tollyfirvalda gerst sekur um brot gegn 66. gr. sbr. 133. gr. laganna. Var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið og skyldi hún falla niður að liðnum 2. árum frá birtingu dómsins héldi starfsmaðurinn almennt skilorð.

Taldi félagið að starfsmaðurinn hefði einungis viðhaft vinnuaðgerðir gagnvart viðkomandi tollembætti sem tíðkaðar höfðu verið um langt skeið og taldi að væru lögum samkvæmt. Það liggur fyrir að hann hafði enga hagsmuni af afhendingu varanna. Var hreinlega um misskilning að ræða, ekki ásetning um að afhenda varning með ólögmetum hætti.

Ekki verði hjá því komist að gera *alvarlegar* athugasemdir við hérgreint lagaákvæði og þá jafnframt ákvæði 183. gr. frumvarpsins þar sem óásættanlegt

er að framkvæmd og túlkun þessara lagaákvæða skuli vera með hérgreindum hætti. Einnig er bent á 182. og 184. gr. hvað þetta varðar.

Er því ítrekað við nefndina ósk þess efnis að breyting verði gerð á þannig að fyrirtækin, eða stjóruendur þeirra persónulega verði gerðir ábyrgir fyrir þeirri starfsemi sem þau reka, svo framarlega sem ekki sé um ásetningsbrot að ræða af hálfu starfsmanna þeirra. Hérgreind lagaákvæði og framkvæmd þeirra setja starfsöryggi starfsmanna félagsins í hættu.

22. 202. gr. frumvarpsins

Telja félögin að með gjaldtöku þeirri sem talin er upp í tl. 3-10 í greininni sé verið að hverfa aftur til fortíðar. Leggja félögin til að þessir liðir verði látnir niður falla. Hér er um að ræða sömu gjöld og ríkistollstjóri lagði niður fyrir einhverjum árum.

Hér er ekki um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem félögin telja að betur megi fara í frumvarpi því er hér ræðir. Er óskað eftir fundi með nefndinni til þess að fara yfir athugasemdir félaganna sem hér hafa verið raktar og til þess að fá afstöðu nefndarinnar til ákveðinna atriða sem félögin telja ekki nógu skýr en þau telja að skipti gríðarlega miklu máli fyrir starfsöryggi starfsmanna þeirra og fjárhagslega afkomu félaganna. Telja félögin að ekki verði hjá því komist að fara yfir þessi atriði með nefndinni. Félögin benda á að þau fengu mjög stuttan frest til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri við nefndina. Það sé ljóst að samkvæmt frumvarpinu sé gert ráð fyrir verulegum breytingum sem snerti flesta þætti starfsemi þeirra.

Varðandi frumvarpið í heild sinni er þess að geta að félögin telja vissulega að sumar þær breytingar sem þar eru lagðar til séu til úrbóta en þau telja að margar af þeim tillögum, sem fram koma í frumvarpinu, varðandi framkvæmd tollafgreiðslu og starfsemi farmflytjenda og tollmiðlara, samrýmist ekki nútíma viðskiptaháttum og stangist í raun á við framkvæmdina eins og hún er í dag. Einnig telja þau að óeðilegar kröfur sem lagðar á farmflytjendur, tollmiðlara og starfsmenn þeirra hvað varðar refsíábyrgð. Verði frumvarpið að lögum telja félögin nær óvinnandi veg fyrir tollmiðlara að sinna starfi sínu.

Reykjavík 23. ágúst 2004

Virðingarfyllst



Lilja Jónasdóttir hrl.

Afrit:

Samtök verslunar og þjónustu

Efnahags- og viðskiptanefnd